

---

# STARFSÁÆTLUN

# 2009

---



Inngangur .....	2
1. Fræðsluskrifstofa.....	2
Starfsmannahald.....	3
Skólastefna Reykjanesbæjar .....	3
Fjarnám og fjölgun réttindakennara.....	3
Símenntun starfsfólks.....	4
Uppeldi til árangurs.....	4
SOS - hjálp fyrir foreldra. ....	5
Einkakennari í uppeldi .....	5
Félagar.....	5
Er unglingaveiki á þínu heimili?.....	5
Lestrarmenning í Reykjanesbæ.....	6
Keilir- Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.....	6
Betri grunnskóli og samstarf við skólaskrifstofur.....	7
Manngildissjóður: Skólaþróunarsjóður.....	7
Hvatningaverðlaun Fræðsluráðs .....	7
Rekstrarráðgjöf og eftirlit til stofnana.....	7
Samanburður á rekstri og þjónustu grunnskóla .....	7
2. Grunnskólar.....	7
Nemendafjöldi og starfsmannahald .....	8
Frístundaskóli.....	9
Virkjum vísindin .....	9
Skóli án aðgreiningar .....	9
Skólamáltíðir.....	9
Áhersla á grunngreinar.....	10
Aðgerðir gegn einelti .....	10
Hvatning og heiðurslistar .....	10
Innra mat .....	11
Samanburður á gæðum skólastarfs .....	11
Foreldrasamstarf í grunnskólum .....	11
Samstarf grunn- og fjölbrautaskóla.....	11
3. Leikskólar .....	11
Barnafjöldi og starfsmannahald .....	12
Fjarnám til réttindanáms og framhaldsnám .....	12
Tenging leik- og grunnskóla .....	12
Móðurmálsverkefni.....	13
Framkvæmdir við leikskóla .....	13
Lækkun leikskólagjalda og fjölskylduafsláttur.....	14
Foreldrasamstarf .....	14
4. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar.....	15
Nemendafjöldi og starfsmannahald .....	15
Skólagjöld .....	15
Samstarf TR og grunnskóla .....	15
Málefni framhaldsnema .....	15
Tónlist fyrir alla .....	15
Hljómahöllin- Tónlistarskóli.....	15
Uppbygging deilda.....	15
5. Lokaorð.....	16



## Inngangur

Áætlað er að verja samtals um **3.620 milljónum kr** til rekstrar málaflokksins. Hér er stuttlega gert grein fyrir hvernig þeir fjármunir dreifast og minnst á helstu verkefni sem, eru í vinnslu eða til nýmæla kunna að teljast. Fjárhagsramma var úthlutað til sviðsins í heild sem skipt var á milli stofnanna. Unnið er eftir samræmdum stöðlum til leik- og grunnskóla Reykjanesbæjar og notuð reiknilíkön sem skipta fjármunum miðað við fjölda barna eða barngilda, stöðugilda og launakostnaðar, eftir að tekið hefur verið tillit til fastra kostnaðarliða s.s. húsaleigu og fleira. Framlög til samnings- eða einkarekinna leik- og grunnskóla markast af samningum um rekstur við viðkomandi rekstraraðila. Áætlun fyrir rekstur Fræðsluskrifstofu og Tónlistarskóla miðast við veittar stöðuheimildir og fjölda nemenda og annars umfangs starfsemi eins og áður hefur verið.

Fjármagn til Fræðslusviðs deilist niður á eftirfarandi stofnanir og meginverkefni með eftirfarandi hætti:

• Fræðsluskrifstofa og fræðsluráð	110.000.000-
• Grunnskólar	2.164.500.000-
• Leikskólar	624.000.000-
• Einkareknir skólar	477.000.000-
• Tónlistarskóli	160.000.000-
• Fjölbrotarskóli	29.000.000-
• Strætisvagnar og akstur fatlaðra	25.000.000-
• Íþróttakademía	25.000.000-

### 1. Fræðsluskrifstofa

Fræðsluskrifstofan fer með yfirstjórn og rekstur fræðslusviðs Reykjanesbæjar og veitir nágrannasveitarfélögum rekstrarráðgjöf skv. þjónustusamningi. Sérfræðiþjónustan þjónar leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar auk þriggja nágrannasveitarfélaga sömuleiðis skv. þjónustusamningi. Þessi áætlun gerir ekki ráð

fyrir að verði breyting á þjónustunni á næsta ári. Nokkur fjölgun íbúa er á svæðinu þannig að börnum á þjónustusvæðinu hefur fjölgað úr 3800 í 3900 á milli ára (miðað við 15. október 2007- 15. október 2008). Grunnskólabörnum hefur fjölgað úr 2705 í 2810. Leikskólabörn á þjónustusvæðinu eru um 1100.

Í Reykjanesbæ einum voru um 2085 börn börn í grunnskólum í október 2008 en 1990 15. október 2007 en voru 1845 árið áður. Leikskólabörn voru um 870 talsins í október 2008 en 783 í október 2007 og hafði þá fjölgað úr 658 frá sama tíma 2006.

### **Starfsmannahald**

Fullmannað er í allar stöður miðað við 12,65 stöðuheimildir fræðsluskrifstofu, en stöðugildum var fækkað um tvö á milli ára. Staða bílstjóra frístundaskóla var lögð niður um áramót og ekki var endurráðið í sálfræðingsstöðu vegna samstarfsverkefnis HSS. Stöðugildin skiptast með eftirfarandi hætti:

Fræðslustjóri	100% staða
Grunnskólafulltrúi	100% staða
Leikskólafulltrúi	100% staða

### **Sérfræðiþjónustudeild**

Deildarstjóri sérfræðiþjónustu	100% staða
Kennsluráðgj. Leik og grunnsk.	340% staða
Sálfræðiþjónusta	325% staða
Sálfræðingar – sérverkefni	100% staða
Talmeinaþjónusta	100% staða

Sérverkefni sálfræðiþjónustu snýr að samningi við þrjú ráðuneyti um forvarnarverkefnið Félagar. Í gildi er samningur við verktaka um talmeinaþjónustu og með því hefur tekist að stytta biðlista eftir greiningu á talmeinum en biðlistar eftir talþjálfun eru enn of langir. Mjög brýnt er orðið er að fjölga stöðugildum á Fræðsluskrifstofu vegna fjölgunar íbúa á þjónustusvæðinu og vaxandi vinnuálags ef halda á sama þjónustustigi og verið hefur. Gildir það um öll svið þjónustunnar: Rekstrarráðgjöf og eftirlit, sálfræðiþjónustu, kennsluráðgjöf og talmeinaþjónustu.

### **Skólastefna Reykjanesbæjar**

Skólastefna Reykjanesbæjar var fyrst samin 1997 og næst endurskoðuð 2001. Skólastefnan var á margan hátt tímamótaskjal og hefur reynst bænum vel við uppbyggingu skólastarfs á miklum breytingatímum. Mörg atriði í stefnunni hafa staðist vel tímans tönn. Stefnuna þarf hins vegar að endurskoða reglulega svo hún megi vera lifandi skjal, því aðstæður breytast hratt og margt er komið til framkvæmda og þykir jafnvel sjálfsagt, þótt það hafi þótt nýlunda fyrir níu árum síðan. Stefnan verður yfirfarin á árinu og lögð fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

### **Fjarnám og fjölgun réttindakennara**

Reykjanesbær leggur áherslu á að fjölga réttindakennurum í leik- og grunnskólum og hefur náðst talsverður árangur. Hlutfall réttindakennara í grunnskólum er nú um 85% og er útlit allgott fyrir næsta haust en hlutfall réttindakennara í leikskólum er



aðeins tæp 40% , þannig að betur má ef duga skal. Lögð verður áhersla á samstarf við MSS og Keili varðandi fjarnám og staðnám á háskólastigi í leikskólafræðum. Bæjarfélagið styrkir nema í fjarnámi til kennsluréttinda með tilhliðrun á viðkomandi vinnustað og einnig þá sem stunda framhaldsnám á sínu sérsviði við háskóla hérlendis. Kostnaður vegna afleysingar fjarnámsnema er umtalsverður. Samvinnu við KHÍ um æfinganema bæði fyrir leik- og grunnskóla verður haldið áfram.

### **Símenntun starfsfólks**

Fræðsluskrifstofan mun draga úr námskeiðahaldi í aðhalds og sparnaðarskyni. Gert er ráð fyrir að leggja meiri áherslu á kynningar, málþing og fræðslufundi fyrir kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla sem byggja á framlagi frá heimamönnum. Fræðsluskrifstofan mun sækja eftir stuðningi í Símenntunarsjóð og Þróununarsjóð menntamálaráðuneytis og munu hugsanleg námskeið taka mið af því fé sem til fæst til ráðstöfunar. Áhersla verður áfram lögð á lestur og lesskilning annars vegar og náttúruvísindi og raungreinar og fjölbreytta kennsluhætti hins vegar.

Vinnuferlið er:

- Skólustjórar í leik- og grunnskólum senda fræðslustjóra endurmenntunaráætlanir í janúar
- Fræðsluskrifstofan vinnur úr óskum skóla
- Sótt er um í sjóði menntamálaráðuneytis í febrúar/mars
- Boðið er upp á símenntunarnámskeið fyrir leik- og grunnskólakennara í heimabyggð ýmist að sumri eða á starfsárinu.

Þess má einnig geta að hver skóli hefur ákveðið fjármagn til endur- og símenntunar fyrir sína starfsmenn og hafa kennarar möguleika á að sækja styrki í endurmenntuarsjóði kennarasambandsins til einstakra verkefna.

### **Uppeldi til árangurs**

Markmið verkefnisins er að kenna foreldrum uppeldistækni, draga úr hegðunarerfiðleikum á heimilum, kenna foreldrum og kennurum hvernig taka skal á kvíða og þunglyndiseinkennum, draga úr þörf fyrir stofnavistun vegna erfiðrar hegðunar og minnka lyfjanotkun. Verkefnið er unnið í samstarfi við HSS, Námsmatsstofnun og HÍ.

Með þessu vill Reykjanesbær stuðla að sterkri sjálfsmynd unglunga og

heilbrigði þeirra með fræðslu og stuðningi. Verkefnið er m.a. fjármagnað með fjárveitingu frá þremur ráðuneytum; Heilbrigðis-, félagsmála- og menntamálaráðuneyti til þriggja ára.

Verkefni sem falla undir Uppeldi til árangurs eru: SOS! Hjálp fyrir foreldra, Einkakennari og Félagar.

### **SOS - hjálp fyrir foreldra.**

Áfram verður boðið upp á námskeiðið SOS sem er kennsla í uppeldistækni og hugsað sem hjálp fyrir foreldra og starfsfólk sem starfar með börnum. Boðið er upp á námskeiðið fyrir alla foreldra tveggja ára barna í Reykjanesbæ sem almenna forvörn. Foreldrum barna með hegðunarerfiðleika og ofvirkni er ráðlagt að sækja námskeiðið. Meginþorri starfsmanna leik-, frístunda- og grunnskóla hefur setið námskeiðið. Aðrir faghópar hafa einnig sótt námskeiðið.

Slík samhæfing uppeldisstefnu í heilu bæjarfélagi er einstök bæði hér á landi og erlendis og auðveldar það mjög alla samvinnu milli sérfræðinga, starfsfólks á uppeldisstofnunum og foreldra.

### **Einkakennari í uppeldi**

Ekki er gert ráð fyrir þessu verkefni á árinu.

### **Félagar**

Félagar, eða “*Friends for life*” eins og það heitir á frummálinu, er námsefni sem ætlað er að draga úr kvíða og þunglyndi barna og unglunga. Námsefnið er upprunnið í Ástralíu en er notað víðsvegar um heim með góðum árangri. Með efninu lærist margs konar nauðsynleg færni sem nýtist við hversdagslega erfiðleika sem koma óhjákvæmilega upp í lífi allra. Lögð er áhersla á að þekkja eigin tilfinningar, skilja hvað veldur mismunandi tilfinningum og hvernig hægt er að hafa áhrif á eigin tilfinningar. Einnig er lögð áhersla á ólíka túlkun og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Kennar eru aðferðir til að stuðla að frumkvæði við lausn á hvers kyns vanda, mikilvægi þess að gefa sjálfum sér klapp á bakið þegar vel gengur og gera raunhæfar kröfur til sjálfs sín og annarra. Erendis hefur komið í ljós að með því að kenna Féлага er hægt að koma í veg fyrir, eða draga úr, hvers kyns tilfinningalegum erfiðleikum sem geta hrjád ungmenni sem fylgja oft upp í fullorðinsárin sé ekkert að gert. Einnig hefur komið í ljós að þau börn sem hafa setið Féлага eru sjálfsöruggari og hamingjusamari. Reykjanesbær hefur ákveðið að taka upp þetta námsefni og er þýðing þess þegar hafin og verður notað í fyrsta skiptið haustið 2008 á unglingastigi í grunnskólum Reykjanesbæjar.

### **Er unglingaveiki á þínu heimili?**

“Er unglingaveiki heima hjá þér?” er fræðsluerindi á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar sem ætlað er foreldrum unglunga. Hvatagreiðslur til tómstundastarfs eru skilyrtar fræðsluerindinu fyrir börn frá 14 ára aldri. Í erindinu er farið yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga við uppeldi unglunga og ýmis ráð veitt sem stuðla að heilbrigðu líferni og geta komið í veg fyrir ýmis konar áhættuhegðun.



### **Lestrarmenning í Reykjanesbæ**

Lestrarmenningarverkefninu verður haldið áfram undir yfirskriftinni „Lestur er daglegt líf“. Sérstök áhersla er lögð á markvissar umbótaáætlanir grunnskóla og samstarf við foreldra og heimili.

### **Keilir- Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs**

Félagið var stofnað vorið 2007 og vísar heiti þess til stöðu Íslands í alþjóðavæddum heimi og þess markmiðs félagsins að byggja upp þekkingu, kennslu og rannsóknir á háskólastigi í alþjóðlegu samhengi.

Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, er ætlað að byggja upp háskólasamfélag í gömlu herstöðinni og leiða þar saman fyrirtæki og háskóla, þekkingu og fjármagn, hvoru tveggja til nýsköpunar og útrásar í íslenskum menntamálum.

Starfsemi Íþróttakademinunnar var felld undir Keili og býður samstarfið upp á enn frekari valkost til menntunar í Reykjanesbæ.

Vaxandi íbúabyggð á Vallarheiði undir merkjum Keilis er mikilvægur vaxtarbroddur bæjarfélagsins og mun án efa stuðla að aukinni sókn í menntamálum á Suðurnesjum.

## **Betri grunnskóli og samstarf við skólaskrifstofur**

Mikið og gott samstarf er á milli Fræðsluskrifstofu og nærliggjandi skóla- og fræðslumiðstöðva, einkum við Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ, Hafnarfjörð og Seltjarnarnes og verður framhald á því.

Sveitarfélögin hafa haft samráð og samanburð í fjárveitingum og áætlanagerð skólahlads, sérkennslumálum og fleiri atriðum.

## **Manngildissjóður: Skólaþróunarsjóður**

Manngildissjóði er ætlað að styðja við þróunar- og umbótastarf í Reykjanesbæ. Skóla- og umbótasjóður manngildissjóðs sem er ætlað að styrkja þróunarverkefni á sviði fræðslumála. Afhending styrkja fer fram í maí ár hvert.

## **Hvatningaverðlaun Fræðsluráðs**

Hvatningaverðlaun fræðsluráðs voru veitt í fyrsta sinn vorið 2008. Verðlaunin eru fjármögnuð af skólaþróunarsjóði. Gert er ráð fyrir úthlutun fari fram árlega 11. júní á stofndegri Reykjanesbæjar.

## **Rekstrarráðgjöf og eftirlit til stofnana**

Nauðsynlegt er að ráðgjöf vegna fjárhagsáætlunargerðar og rekstrareftirlits verði enn markvissari. Gert er ráð fyrir stofnanir geri rekstraráætlun og að eftirlit fari aðallega fram í gegnum Gagnaver bæjarins

## **Samanburður á rekstri og þjónustu grunnskóla**

Reykjanesbær tekur áfram þátt í tilraunaverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga um samanburð á rekstri og þjónustu grunnskóla og árangri grunnskólastarfs. Aflað verður upplýsinga frá fjármálasviði og skólum, auk viðhorfskannana foreldra, nemenda og starfsfólks. Rafrænir spurningalistar hafa verið endurbættir og verða þeir lagðir fyrir markhópana í febrúar-marsmánuði. Skólarnir eiga að fá niðurstöður sendar innan tveggja vikna frá fyrirlögn.

## **2. Grunnskólar**

Grunnskólum bæjarins eru sex talsins með. Háaleitisskóli verður rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla. Þar eru nemendur frá 1.-5. bekk og er gert ráð fyrir að einn árgangur bætist við í haust.

Lögð er áhersla á manngildi og nemendum gert kleift að tileinka sér mannækt sem hverjum aldurshópi hæfir.

Reykjanesbær hefur á undanförunum árum lagt áherslu á vandað grunnskólastarf. Framtíðarsýn bæjarins leggur áherslu á að stuðla að heilbrigði og hamingju hvers einstaklings. Í hnotskurn snýr framtíðarsýn okkar í grunnskólanum að eftirfarandi þáttum:



- Að nemendur séu ánægðir í grunnskólanum
- Að við höfum á að skipa hæfu og ánægðu starfsfólki
- Að í skólanum bjóðist næringarríkar og góðar máltíðir á hagstæðu verði.
- Að skipulag skólastarfs sé vel unnið frá fyrsta skóladegi.
- Að vinnuumhverfi nemenda og starfsmanna sé öruggt.
- Að viðhald húsnæðis og búnaðar sé gott
- Að samgönguleiðir að og frá skóla séu öruggar og þægilegar
- Að virkt upplýsingastreymi sé milli starfsmanna, nemenda, foreldra og stjórnvalda
- Að vinnuandi sé jákvæður og skapandi
- Að virkni og jákvæðni foreldra komi fram í skólastarfinu
- Að virkni og jákvæðni samfélagsins sé gagnvart skólastarfinu

### ***Nemendafjöldi og starfsmannahald***

Grunnskólabörnum fjölgaði um nær 100 á liðnu ári og voru 15. október alls 2085 talsins. Stjórnendur og kennarar í grunnskólum Reykjanesbæjar eru um 209 talsins í um 196,5 stöðugildum, þar af er 41 leiðbeinendur í 37 stöðugildum. Hlutfall réttindafólks er því 81%. Aðrir starfsmenn skóla eru 92.

Fjöldi stöðugilda kennara fer fyrst og fremst eftir fjölda kennslustunda sem nemendafjöldi og námsskrá krefst. Gert er ráð fyrir fækkun kennslustunda í 3. og 4. bekk hagræðingarskyni frá og með næsta hausti þannig að kennslustundafjöldi taki einungis mið af viðmiðunarstundaskrá. Einnig er minnkað svigrúm til skiptistunda.

Að vori er reynt að bregðast við fyrirsjáanlegum breytingum á nemendafjölda og öðrum óvissuþáttum sem geta orðið á milli skólaára, en endurskoðuð úthlutun miðast við 15. september. Sú endurskoðun er sérstaklega mikilvæg í ört vaxandi bæjarfélagi.

## **Frístundaskóli**

Talsverðar breytingar verða á starfsemi frístundaskóla í hagræðingarskyni. En starfsemi frístundaskóla hófst haustið 2003. Frístundaskólinn starfar alla skóladaga ársins og starfsdaga kennara. Ábyrgð á rekstri frístundaskóla er á hendi skólastjóra viðkomandi skóla, sem felur einum starfsmanna daglegt verkstjórnarhlutverk.

Horfið er frá því að aka með börn í íþróttir eða annað tómstundastarf utan skólans en áhersla lögð á daglega hreyfingu í starfi frístundaskóla eins og aðstæður leyfa.

Vonandi er hér aðeins um tímabundna aðgerð að ræða þannig að Reykjanesbær geti aftur orðið í fararbroddi hvað þessa starfsemi varðar.

Frístundaskóli fyrir fatlaða nemendur er starfsræktur í Njarðvíkurskóla.

## **Virkjum vísindin**



Verkefnið er undir stjórn skólastjóra Akurskóla og miðar að því að efla áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og endurnýjanlegri orku. Nemendur eru virkjaðir til þess að taka þátt í rannsóknum og fræðslu með áhugaverðum leik til þess að skapa verðmæti úr jarðlindum svæðisins í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja og Norðurál.

Grunnskólar af þjónustusvæðinu keppa um mánaðarmótir maí/júní í úrlausn verkefna á

raungreinasviði og skipar nýsköpun og hönnun stóran þátt í lausn verkefnanna.

## **Skóli án aðgreiningar**

Þjónusta við fatlaða nemendur tekur verulega til sín fjármagn og mönnun. Stefna bæjarins er að mæta þörfum hvers og eins í heimaskóla eins og kostur er en sérúrræði eru nauðsynleg samhliða því. Þrjár sérdeildir eru innan grunnskólanna. Eikin, deild einhverfra í Holtaskóla og sérdeildirnar Ösp og Björk við Njarðvíkurskóla, fyrir fötluð börn og börn með atferlistruflun. Deildirnar starfa samkvæmt deildarnámskrám og inntökureglur fyrir deildirnar eru skýrar.

Úthlutun á fjármagni til sérkennslu í grunnskólum á að tryggja að fötluð börn og þeir sem falla undir reglugerð um sérkennslu, fái þjónustu við hæfi og að fjármagnið deilist þar sem þörfin er mest.

Í grunnskólunum er um 150 börn af erlendum uppruna sem þarfnast sérstakrar íslenskukennslu og aðstoðar við nám og aðlögun. Þau fá íslenskukennslu og þjónustu í samræmi við ráðgjöf kennsluráðgjafa á því sviði.

## **Skólamáltíðir**

Reykjanesbær leggur áherslu á hóflegt gjald skólamáltíða. Grunnskólar Reykjanesbæjar bjóða nú eitt lægsta matarverð á landinu kr. 190 fyrir máltíð í áskrift, sem fylgi verðlagsþróun.

Hollar og bragðgóðar máltíðir eiga að vera einkenni skólamáltíða. Gæðakannanir verða framkvæmdar og ánægjukannanir á meðal nemenda.



### **Áhersla á grunngreinar**

Nauðsynlegt er að stuðla að bættum námsárangri grunnskólabarna, einkum í íslensku og stærðfræði. Sérstaka rækt þarf að leggja við móðurmáls- og lestrarkennslu upp í gegnum allan grunnskólann og eflingu málþroska skólabarna. Slakur lesskilningur grunnskólabarna í alþjóðlegum samanburði er áhyggjuefni og á að verða hvatning til að kenna gagnrýnan lestur og rýni í fjölbreyttan texta, jafnt fræðilega sem bókmenntalegan.

Áhersla er lögð á að kennarar í yngstu bekkjum hafi haldgóða menntun í lestrarkennslu.

Grunnskólar munu fara í sérstakar aðgerðir á grundvelli niðurstaðna í könnunarprófum í 4. og 7. bekk með það fyrir augum að bæta námsárangur. Greiningarpróf verða áfram lögð fyrir nemendur í 1. bekk. Lagt verður lesskimunarprófið Læsi 2 fyrir öll börn í 2. bekk í apríl og foreldrar virkjaðir til aukinnar þátttöku við ræktun móðurmálsins.

### **Aðgerðir gegn einelti**

Þrír af skólum Reykjanesbæjar, Heiðarskóli, Njarðvíkurskóli og Akurskóli hafa tekið þátt í Olweusarverkefninu gegn einelti og tileinkað sér áætlunina.

Þá hefur Njarðvíkurskóli hafið innleiðingu á PPS og Holtaskóli og Myllubakkaskóli fylgja fast á eftir.

Gerður var samningur við Þjónustumiðstöð Breiðholts um aðstoð við innleiðingu á PBS hugmyndafræðinni.

### **Hvatning og heiðurslistar**

Lögð er áhersla á að sem flestir nemendur fái hrós og viðurkenningu fyrir góðan árangur, framgöngu og framkomu. Mikilvægt er að vekja athygli á starfi barna og unglinga sem þykir til fyrirmyndar. Fræðsluráð leggur áherslu á að hvatning og umbun verði sýnileg. Skólastjórar grunnskóla hafa óskað eftir endurskoðun á vinnu við gerð heiðurslista þar sem þeir séu ekki að ná þeim árangri sem að var stefnt. Markmið heiðurslistanna annars vegar að geta sérstaklega þeirra grunnskólanema sem ná góðum árangri og/eða sérstökum framförum í námi og hins vegar að efla heilbrigðan metnað nemenda og veita umbun og hvatningu til þeirra sem eru öðrum góð fyrirmynd á hvaða sviði.

## ***Innra mat***

Markvisst innra mat sem miðar að umbótum er mikilvægur þáttur í starfi skóla. Tveir af skólum bæjarins töldust viðhafa fullnægjandi innramat skv. úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólanna í janúar 2008. Í hinum þremur stendur nú yfir vinna við að ljúka breytingum við innra matskerfi þannig að fullnægjandi teljist.

## ***Samanburður á gæðum skólastarfs***

Grunnskólar Reykjanesbæjar eru þátttakendur í tilrauna og þróunarverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga sem lýtur að því að kanna árangur og gæði skólastarfs og gera samanburð á kostnaðartölum og nýtingu fjármuna.

Markmið verkefnisins eru að:

- Stuðla að bættri þjónustu sveitarfélaga og aukinni skilvirkni
- Stuðla að betri yfirsýn yfir nýtingu fjármagns
- Koma auga á þá þætti sem hafa áhrif á gæðapróun og afköst sveitarfélaga á landsvísu
- Gefa sveitarfélagi og skólum tækifæri til að meta eigin frammistöðu á ákveðnu tímabili í samasburði við önnur sveitarfélög og skóla.

Lagðar verða viðhorfakannanir fyrir nemendur í 7.-10. Bekk, foreldra þeirra og sérstök starfsmannakönnun að auki. Þá eru bornir saman ýmsir mælanlegir þættir úr nemenda- og starfsmannabókhalði.

## ***Foreldrasamstarf í grunnskólum***

Áfram verður unnið að bættu samstarfi foreldra og skóla. FFGÍR og grunnskólar hafa átt gott samstarf m.a vegna ofanefndra kannana. FFGÍR fær framlag úr manngildissjóði til að standa undir starfsemi sinni. Foreldraráð grunnskóla hafa verið lögð niður skv. nýjum grunnskólalögum og koma skólaráð i þeirra stað.

## ***Samstarf grunn- og fjölbrautaskóla***

Mikið og gott samstarf hefur verið við Fjölbrautaskóla Suðurnesja um framboð valgreinaáfanga fyrir nemendur í 10. bekk sem gefst þannig kostur á að taka einingabæra áfanga við FS sem valgrein í grunnskóla. Á yfirstandandi skólaári eru rúmlega 100 nemendur úr 9. og 10. bekk í valáföngum í FS.

Þá standa vonir til að FS standi fyrir námstilboðinu Mentor-Vinátta sem Velferðarsjóður barna stendur fyrir. Verkefnið tengir saman nenendur á lokaári (á aldrinum 19-25 ára) við grunnskólanemendur á aldrinum 7-10 ára. Áhersla er lögð á að veita ungu börnunum stuðning, rjúfa einangrun og efla þau félagslega.

## **3. Leikskólar**

Leikskólar í bænum eru nú tíu talsins. Rekstrarsamningur við Gimli verður endurnýjaður árinu og skoða þarf samningar við Hjallastefnuna um rekstur á Akri og Velli og við Skóla ehf um Leikskólinn Háaleiti.



Gert er ráð fyrir að breyta opnunartíma leikskóla til 16.15 í stað 17.15 frá og með hausti eða eftir sumarleyfi leikskóla. Engir biðlistar hafa verið á leikskólum fyrir börn eldri en tveggja ára og talsvert sótt á um að skólarnir taki við yngri börnum. Samningsreknum skólum var veitt heimild til þess en á dagmæðragjaldi þannig að kostnaður bæjarins vex ekki við þetta.

### ***Barnafjöldi og starfsmannahald***

Í október sl. voru um 810 börn í leikskólum bæjarins og hafði fjölgað um liðlega 70. Tvítýngd börn og börn innflytjenda eru um 90 talsins. Starfsmenn í leikskólum bæjarins voru 236 talsins í október sl. Leikskólakennarar voru í 83 stöðugildum.

### ***Fjarnám til réttindanáms og framhaldsnám***

Við leikskólabrautir KHÍ og HA stunda nú átján starfsmenn frá leikskólum Reykjanesbæjar nám veturinn 2008-2009. Við Háskólann á Akureyri eru einn nemandi og við Miðstöð Símenntunar eru ellefu nemendur í leikskólabró frá Reykjanesbæ. Við Keili eru fjórtán nemendur sem stunda nám frá Reykjanesbæ í leikskólabrónni.

### ***Tenging leik- og grunnskóla***

Fundað var nokkrum sinnum á árinu undir formerkinu Brúum bilið. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er komið í fastar skorður og funda kennarar beggja skólastiganna reglulega. Leikskólarnir eiga sér sinn heimaskóla. Þessir heimaskólar setja sér svo vinnureglur um samstarf. Síðastliðið haust funduðu kennarar elstu barnanna í leikskólunum og kennarar 1. bekkja í grunnskólunum þar sem lögð voru drög að væntanlegu samstarfi yfir veturinn. Fyrirlesarar eru fengnir á þessa fundi með fræðsluefni um skólamál. Um vorið afhentu leikskólakennarar kennurum grunnskólanna upplýsingar um þau börn sem fóru í grunnskólann haustið 2008. Gagnkvæmar heimsóknir eru milli yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans.

Leikskólabörnin fá þar að skoða framtíðarskólann sinn, heilsa upp á kennarana, fara í kennslustundir, skoða skólalóðina og umhverfið.

Börnin í skólahópum leikskólanna hafa unnið ýmis verkefni sem sérstaklega eru ætluð til undirbúnings náminu í grunnskólanum. Deildarstjórar beggja skólastiga eru tengiliðir varðandi samstarfið. Móttökur grunnskólakennara í skólaheimsóknum leikskólanna með elstu börnin hafa verið og eru í alla staði til fyrirmyndar. Mestu samskipti leikskólanna er við heimsóknir hvers leikskóla er nokkrir leikskólar eru þannig settir að elsti barnahópurinn skiptist í þrjá og jafnvel fjóra grunnskóla. Nokkuð er um að grunnskólanemendur fari í starfskynningu í leikskóla. Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla veita upplýsingar til grunnskólanna vegna barna sem eru að byrja í grunnskóla og hafa fengið sérkennslu í leikskóla. Samráðsfundir kennara í leik- og grunnskóla eru haldnir þar sem skipulagðar eru gagnkvæmar heimsóknir yngstu barna grunnskólans og elstu barna leikskólans. Auk þess er farið yfir nám- og námsáætlanir á hvoru skólastigi. Að vori er farið yfir liðið ár og leikskólar afhenda grunnskólum þar til gerða gátlista fyrir hvert barn og að hausti er farið yfir komandi starfsár. Farsælt samstarf er á milli skólastiganna.

### **Móðurmálsverkefni**

Sérstök rækt er lögð við móðurmálskennslu og eflingu málþroska leikskólabarna í samræmi við starfsáætlun Lestrarmenning í Reykjanesbæ. Allir leikskólarnir nýttu sér matstækið Hljóm-2 sem er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Málörvun er fléttuð inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins. Einkum er leikurinn notaður í skyni. Unnið er að markvissri málörvun og örvun lesþroska í náinni samvinnu viðforeldra.

Leikskólinn Tjarnarsel fékk styrk úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar til að þróa enn frekar sérkennslu með heyrnarskertum börnum og einstaklingum með mikla málþroskahömlun.

Leikskólinn Tjarnarsel hlaut foreldraverðlaun, fyrstur leikskóla fyrir verkefnið Lestrar- og skriftarhvetjandi umhverfi skólans. Að því tilefni komu fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og samtökum Heimili og skóla í heimsókn í Tjarnarsel til að kynna sér verkefnið. Heiðarsel varð heimaskóli HÍ á menntavísindasviði frá og með haustinu 2008.

Fræðsluskrifstofa bauð leikskólakennaranemum úr HÍ í heimsókn til okkar. Tilefnið var að kynna fyrir þeim bæjarreknu leikskólana. Leikskólastjórar kynntu hver sinn leikskóla, boðið var upp á léttar veitinga og að því loknu var farið í rútuferð um bæinn til sýninga á leikskólunum. Hvatningarverðlaun Fræðsluráðs voru veitt í fyrsta sinn í Reykjanesbæ. Sérstakar viðurkenningu fékk aðstoðarleikskólastjóri á Gimli og tónlistarkennari á Holti. Tilnefningu fengu Heilsuleikskólinn Heiðarsel og sérkennari skólans og leikskólakennari á Holti.

### **Framkvæmdir við leikskóla**

Leikskólarnir Akur og Völlur eru reknir af Hjallastefnunni ehf. Þeir tóku til starfa haustið 2007 og leikskólinn Háaleiti, rekinn af Skólar ehf., tók til starfa haustið 2008. Nýtt húsnæði leikskólans Vesturbergs að Vesturbraut 15 var formlega tekinn í notkun 28. ágúst 2008. Nýi leikskólinn rúmar alls 94 börn og kemur í stað eldra íbúðarhúsnæðis á tveimur hæðum sem breytt var við Vesturbraut 13 árið 1997. Leikskólinn er staðsteyptur og klæddur að utan með timbri að hluta og málaður að hluta. Lóð og leiksvæði eru 3350m<sup>2</sup> auk umhverfis KK húss þar sem bílastæði eru samnýtt og umhverfið hefur verið fegrað. Á árinu var almennu viðhaldi sinnt í



leikskólunum og endurbætur gerðar innanhúss sem utan. Viðhald lóða, leiktækja og endurnýjun var sinnt með venjubundnum hætti og skipt um sand í sandkössum.

### **Lækkun leikskólagjalda og fjölskylduafsláttur**

Á síðasta kjörtímabili greiddi Reykjanesbær 70% af kostnaði við hvert barn á leikskóla.

Stefnt er að því að halda greiðsluhlutfalli bæjarsjóðs í um 75% af kostnaði.

Forgangshópur Reykjanesbæjar gagnvart leikskólum er fyrst og fremst barnmargar fjölskyldur.

Foreldrar sem eiga eitt barn frá 9 mánaða aldri og annað í leikskóla njóta systkinaafsláttar í leikskólanum. Sama gildir um systkini á leikskólaaldri. Afslátturinn er 50% af fullu gjaldi fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja.

### **Foreldrasamstarf**

Foreldrafélög eru starfrækt í öllum leikskólum. Félagar eru foreldrar og forráðamenn barna í leikskólanum. Markmið félagsins eru að vinna að velferð barna, efla hag leikskólans og koma á sem bestu sambandi milli leikskólans og heimila barna.

Foreldrar eru ávallt velkomnir að dvelja með börnunum sínum og taka þátt í starfinu þegar þeir vilja. Mjög ör þróun hefur verið í leikskólamálum síðastliðin ár og er því gott foreldrasamstarf mikilvægt. Starfið í leikskólanum og áherslur þar hafa breyst mikið, þess vegna er nauðsynlegt að hafa góðan kynningarfund fyrir foreldra við upphaf leikskólagöngu barnsins. Foreldrafundir eru haldnir í leikskólunum. Á haustfundum fá foreldrar kynningu á starfseminni eins og hún er hverju sinni.

Kynningarfundir með nýjum foreldrum eru haldnir að vori og fyrir foreldra elstu barnanna að hausti eða í upphafi síðasta skólaárs. Fyrirlesarar eru stundum fengnir á þessa fundi. Fréttabréf eru gefin út í öllum leikskólunum en heimasíður og tölvupóstur er þó almennt að koma í þeirra stað. Markmið með fréttabréfi er að tryggja að allir foreldrar fái sömu upplýsingar frá leikskólanum. Í fréttabréfum er komið á framfæri ýmsum upplýsingum um það sem er á döfnni hverju sinni t.d. breytingar á starfsmannahaldi, þemu, ferðir og skemmtanir.

## **4. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar**

### ***Nemendafjöldi og starfsmannahald***

Alls stunda 725 nemendur nám við skólann skólaárið 2008-2009, þar af 348 í forskóla innan grunnskólanna. Nemendur í almennu tónlistarnámi eru 377 en um 260 eru á biðlista. Alls eru 293 nemendur á grunnskólaaldri og yngri. Þar af stunda um 200 nemendur hljóðfæranám sitt innan grunnskólanna sem hluta af samfelldum skóladegi. Við Tónlistarskólann starfa 40 kennarar í um 29 stöðugildum. Skrifstofa og ræsting eru 1,5 stöðugildi.

### ***Skólagjöld***

Skólagjöld Tónlistarskólans voru hækkuð um 10% á þessu ári en eru áfram með þeim lægstu hjá viðmiðunarsveitarfélögum

### ***Samstarf TR og grunnskóla***

Áfram verður haldið góðu samstarfi tónlistarskóla og grunnskóla með forskólakennslu fyrir öll börn í 1. og 2. bekk. Þá hefur Tónlistarskólinn aðstöðu í öllum grunnskólum bæjarins og hefur það reynst mjög til hagsbóta bæði fyrir nemendur og kennara.

### ***Málefni framhaldsnema***

Í haust verða felldar úr gildi a.m.k. um tímasakir, reglur um stuðning við nemendur sem þurfa að stunda tónlistarnám utan sveitarfélagsins sökum sérhæfingarnámsins eða framhaldsnáms. Á yfirstandandi skólaári eru fimm nemendur við tónlistarnám á framhaldsstigi á höfuðborgarsvæðinu.

### ***Tónlist fyrir alla***

Reykjanesbær hefur verið þátttakandi í kynningarverkefninu TFA sem nær til allra grunnskólabarna. Gert verður hlé á þessu verkefni árið 2009.

### ***Hljómahöllin- Tónlistarskóli***

Áfram verður unnið að því að koma Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og skyldri starfsemi í viðeigandi og varanlegt húsnæði. Framkvæmdir við byggingu Hljómahallarinnar eru á áætlun. Gert er ráð fyrir að vígja Tónlistarskólann og Hljómahöll formlega 5. september nk. eða á Ljósanótt á þessu ári.

### ***Uppbygging deilda***

Strengjadeild: Unnið er að uppbyggingu strengjadeildar skólans. Í haust bættist nýr kennari í hópstrengjakennara skólans, sem styrkt hefur þessa uppbyggingu verulega, m.a. með innleiðingu kennslu á lágfiðlu.

Rytmísk deild: Unnið er að uppbyggingu rytmískrar deildar skólans. Nýleg deildarstjórastaða við deildina hefur styrkt starfsemi hennar til mikilla muna og er m.a. unnið að samhæfingu námsmats innan deildarinnar.

## 5. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru yfir helstu atriði í starfsáætlun Fræðslusviðs 2009. Vonandi gefur þessi áætlun bæjarfulltrúum og fulltrúum fræðsluráðs yfirsýn yfir öll helstu viðfangsefni komandi árs. Ljóst má vera að nauðsynlegt var að breyta og hagræða verulega í rekstri sviðsins en áhersla er lögð á að viðhalda grunnþjónustu við börn og unglinga eins og frekast er kostur.

Framkvæmd starfsáætlunar svo umfangsmikils sviðs liggur að miklu leyti hjá einstökum stofnunum, leik- og grunnskólum og mæðir mikið á stjórnendum þeirra allra um þessar mundir. Þar er unnið af natni og metnaði og eiga þeir allir þakkir skyldar. Leyfi ég mér að vísa á vefsíður skólanna og skólanámskrár, sem gefa skemmtilega og fróðlega og umfram allt mun ítarlegri innsýn inn í það mikla starf sem þar er unnið.

*Eiríkur Hermannson, fræðslustjóri*